



1633. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
15.11.2017, kl. 11:30

1. Fundargerð 1632. fundar

Samþykkt.

2. Erindi ÍFR vegna getraunastarfs

Samþykkt að styrkja markaðsstarf ÍFR um krónur 500 þús. vegna 2018 og hækka styrk vegna 2017 um 150 þús.

3. Erindi kvannahokkiliðs SR og Bjarnarins

Samþykkt að veita samstarfinu styrk til útbreiðslu kvennaíshokkís.

4. Tour of Reykjavík – uppgjör

Lagt fram bráðabirgðauppgjör vegna Tour of Reykjavík. Farið yfir helstu atriði varðandi framkvæmd viðburðarins á næsta ári.

5. Tillaga mannvirkjahóps um fund með íþróttafélögunum

Lögð fram tillaga mannvirkjahóps um að halda fund með íþróttafélögunum þar sem fulltrúum þeirra gæfist tækifæri til að koma á framfæri sínum hugmyndum um uppbyggingu íþróttamiðstöðu í borginni.

6. Knattþús í Reykjavík – fundur með félögum

Sagt frá undirbúningi fundar með fulltrúum félaga með knattspyrnu sem framundan er.

7. Laugardalsvöllur

Sagt frá fundi með formanni KSÍ þar sem hann kynnti hugmyndir um framtíðaruppbyggingu Laugardalsvallar.

8. Umsókn um aðild að UMFÍ

Formaður og framkvæmdastjóri greindu frá fundi með fulltrúum UMFÍ varðandi aðildarumsókn ÍBR að UMFÍ og afdrif hennar á þingi félagsins.

9. Miðnæturhlaup

Framkvæmdastjóri greindi frá áhyggjum vegna framkvæmdar Miðnæturhlaups þann 21. júní 2018 í ljósi þess að Secret Solstice hátíðin hefur kynnt að hún verði færð aftur um viku frá því sem áður var og er þar með ofan í hlaupinu. Fyrirhuguð eru fundarhöld um málið með Reykjavíkurborg.

Fundi slitið kl. 12:45.

Frímann Ari Ferdinandsson ritaði fundargerð.